

Fáeinarnar línur um fyrstu ár blaðsins

- eftir Birgi Kjarian, hagfræðing

Ég hefi verið beðinn um að setja á blað fáeinarnar línur varðandi samskipti mín við „Frjálsa verzlun“ í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá því að útgáfa ritsins hófst.

Elztu íslenskú tímaritin fjalla sáralítið um verzlun landsmanna. Þó segir í for- mála 1. árgangs Fjölneis (1835):

„Í fornöld fluttu menn sjálf- ir, á sínum skipum utan til ímissra landa, og tóku ímislegt sér til gagns og gamans. Þess- vegna lenti allur ágóðinn verzl- unarinnar þar sem hann átti að lenda, inni landinu sjálfu, af því hvorki vantaði þrek né vilja til að vinna fyrir hon- um“.

Það er ekki fyrr en Jón Sig- urðsson tekur verzlunarmálin gagnert til meðferðar í „Nýj- um félagsritum“, sem þessum málum eru gerð nokkur skil að gagni.

Samvinnumenn hófu útgáfu tímarits um sín sémál um 1896, sem jafnan síðan hefur að hluta fjallað um verzlunarmál, þó í mismunandi rísum mæli.

Trúlega hafa því „Verzlunar- tíðindin“, sem Verzlunarráð Ís- lands réðist í útgáfu á í janúar 1918, verið fyrsta sérhæfa tímaritið, sem gefið hefur verið út á Íslandi um verzlun og viðskiptamál. Var þeim haldið úti í 20 ár, eða til aprílmánað- ar 1938.

Í janúar 1939 hóf svo „Frjáls verzlun“ göngu sína og var ritið gefið út af Verzlunarmanna- félagi Reykjavíkur. Aðdrag- anda þess máls munu aðrir kunnugri en ég. Í formála fyrsta tölublaðsins segir m. a. að það hafi lengi verið ætlan félagsins „að hefja útgáfu tímarits, sem taki sérstaklega til meðferðar áhugamál og



Birgi Kjarian

ýms hugðarefni verzlunar- manna“. Og um stefnu blaðs- ins er farið þeim orðum: „Nafn þess bendir til að það vill styðja að því eftir megni að landsmenn megi búa við sem frjálsust viðskipti, en það er sannfæring þeirra, sem að riti þessu standa, að frelsi í við- skiptamálum sé einn traustasti hyrningarsteinninn efnahags- legra framfara í landinu. . . . Hingað til hefur ekkert al- mennt íslenskt rit tekið til meðferðar íslensk verzlunar- og viðskiptamál. „Frjáls verzlun“ vill bæta úr þeim skorti og væntir þess að af því megi leiða nokkurt gagn.“

Ég hygg, að ekki sé spónn úr neins manns aski tekinn, þótt mitt hald sé, að Friðþjóf- ur Johnson, þáverandi formað- ur Verzlunarmannafélagsins hafi verið aðaldrifjörðin í að ýta þessu máli úr vör, sem og fleirum framfaramálum félags- ins, svo sem kaupum á hús-

byggingu fyrir starfsrekstur Verzlunarmannaheimilisins og skrifstofur félagsins. Vafalaust hafa þar fleiri gegnir menn átt hlut að máli, svo sem fyrsta ritstjórn blaðsins, en hana skipuðu Björn Olafsson, Pétur Ólafsson og Vilhjálmur Þ. Gíslason. Fyrsti ritstjórinn og um langt skeið var Einar Ás- mundsson lögfræðingur.

Mín samskipti hófust með því að ég ritaði nokkrar grein- ar í fyrstu árganga ritsins. Síð- ar hafnaði ég í ritnefnd blaðs- ins í ársbyrjun 1950 og mun vist hafa verið formaður henn- ar í ein 16 ár, og skrifaði ég á þeim árum allmargar grein- ar í ritið. Á ég margar góðar minningar frá þessum ritnefnd- arárum, þótt rekstur ritsins gengi oft skrykkjótt, útkoma blaðsins ekki nægilega reglu- leg og efnið stundum fátæk- legra en menn hefðu kosið. Engu að síður er mér nær að halda, að ritið hafi þrátt fyrir allt, þó ekki væri með öðru en tilveru sinni, gert eitthvert gagn þeim málstað til fram- dráttar, sem á þessum árum átti sér oft formælendur fáa. Ánægjulegt var starfið og ekki sízt vegna þess að í ritnefnd kynntist ég mörgum áhugasöm- um og óeigingjörnum mönnum, sem studdu hugsjón frjálsrar verzlunar af heilum hug. Án þess að tína til nöfn, kemst ég ekki hjá að nefna Gunnar Magnússon, sem ég starfaði með öll þessi ár, því að mínu viti hefði blaðið löngu geispað golunni, ef eldlegs áhuga hans hefði ekki notið við.

Að lokum. Mér er sannarlega ánægjuefni að sjá, hvað ritinu hefur vaxið fiskur um hrygg á síðari árum og óska því í tilefni þessara tímamóta góðs gengis og langlífis.